

AUGLÝSING

um gjaldskrá fyrir prófunar- og kvörðunarþjónustu Neytendastofu.

1. gr.

Gjald fyrir kvarðanir mælitækja sem Neytendastofa annast í dagvinnutíma er sem hér segir:

1.1. Kvarðanir:

1.100 Lóð í flokki M1 og sambærileg – Faggilt kvörðun.

LÞ120	Grunnverð fyrir vottorð	25.970 kr.
LÞ122	Verð á lóð undir 30 kg	9.378 kr.
LÞ124	Verð á 30 kg lóði og yfir	18.756 kr.
LÞ126	Verð á stillingu lóðs	5.771 kr.

1.101 Lóð í flokki F1 og sambærileg – Faggilt kvörðun.

LÞ128	Grunnverð fyrir vottorð	28.855 kr.
LÞ130	Verð á lóð	11.543 kr.

1.102 Vogir - Faggilt kvörðun.

LÞ132	0 kg < m < 15 kg	34.626 kr.
LÞ134	15 kg ≤ m < 80 kg	43.284 kr.
LÞ136	80 kg ≤ m < 500 kg	69.254 kr.

1.103 Rafhitamælar með nema og glerhitamælar – Faggilt kvörðun.

LÞ138	Allt að 6 mælipunktar (-30°C ≤ t ≤ 240°C)	37.513 kr.
LÞ142	Aukamælipunktar < -30°C	21.641 kr.
LÞ144	Aukamælipunktar	5.771 kr.

1.104 Hitamælar með IR nema.

LÞ146	Allt að 6 mælipunktar (-30°C ≤ t ≤ 240°C)	30.299 kr.
LÞ148	Aukamælipunktar < -30°C	15.870 kr.
LÞ150	Aukamælipunktur	4.329 kr.

1.105 Fjölmælar.

LÞ152	Mæling á allt að 5 mælisviðum	30.299 kr.
LÞ154	Gjald fyrir hvert mælisvið umfram 5	5.771 kr.
LÞ156	Kvörðunarbúnaður með allt að 10 mælisviðum	50.498 kr.

1.106 Átakssköft.

LÞ158	Mæling á allt að 3 mælipunktum rang- eða réttsælis	30.299 kr.
LÞ160	Aukamælipunktur	4.329 kr.
LÞ162	Mæling á allt að 6 punktum rang- og réttsælis	37.513 kr.
LÞ164	Mæligrunnur á allt að 12 punktum rétt- og rangsælis	57.711 kr.

1.107 Þrýstimælar.

LÞ166	Mæling á allt að 6 mælipunktum	30.299 kr.
LÞ168	Aukamælipunktur	4.329 kr.

1.108 Lengd – að 1 metra.

LÞ170	Mæling á allt að 5 mælipunktum	30.299 kr.
LÞ172	Aukamælipunktur	4.329 kr.

1.109 Önnur mælitæki.

LÞ174	Mæling á allt að 6 mælipunktum	34.626 kr.
LÞ176	Aukamælipunktur	5.771 kr.

1.110 Nýtt mælitæki.

LÞ178 Tæki án leiðbeininga eða tilgreindra prófunarstærða – aukagjald 21.641 kr.

2. gr.

Gjald til Neytendastofu vegna kvörðunarþjónustu og útseldrar ráðgjafar- og sérfræðiþjónustu er sem hér segir:

2.1. Vinna sérfræðings:

LÞ180 Sérfræðingur I á klst. 19.800 kr.
LÞ182 Sérfræðingur II á klst. 17.200 kr.

3. gr.

Gjald til Neytendastofu vegna löggildingar er sem hér segir:

3.1. Löggilding:

LÞ184 Vogarlóð í flokki M1, 5, 10 og 20 kg 14.428 kr.
LÞ186 Stilling lóðs fyrir löggildingu 8.656 kr.
LÞ188 Kvarðar fyrir álnavöru, 50 eða 100 sm 5.771 kr.
LÞ194 Öxulþungavogir 10 tonn í flokki IV 69.254 kr.

4. gr.

Neytendastofu er heimilt að innheimta gjald vegna ferðakostnaðar við kvarðanir og aðra þjónustu miðað við útlagðan kostnað (fargjöld) og/eða akstur samkvæmt taxta ferðakostnaðar ríkisins.

5. gr.

Neytendastofu er heimilt að vinna eftir verksamningi eða gera föst verktilboð vegna sérfræðiráðgjafar, þjónusturannsókna eða kvarðana og skal þá stuðst við taxta, sbr. 1. og 2. gr. gjaldskrárinnar.

6. gr.

Neytendastofu er heimilt að veita aðstoð og hafa milligöngu um kvörðun mælitækja erlendis s.s. að taka á móti mælitækjum og senda til kvörðunar erlendis. Verkbeiðandi skal greiða sendingarkostnað og reikning frá hinum erlenda aðila auk kostnaðar skv. 2.-4. gr. eftir því sem við getur átt.

7. gr.

Gjöld samkvæmt þessari gjaldskrá miðast við neysluvísitölu í janúar 2019 og skulu breytast árlega til samræmis við breytingar á þeirri vísitölu. Gjaldskrá þessi er sett samkvæmt 30. gr. laga nr. 91/2006, um mælingar, mæligrunna og vigtarmenn og öðlast þegar gildi. Frá sama tíma fellur brott gjaldskrá fyrir kvörðunarþjónustu Neytendastofu nr. 1330/2011.

Atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytinu, 12. mars 2019.

F. h. ferðamála-, iðnaðar- og nýsköpunarráðherra,

Ingvi Már Pálsson.

Daði Ólafsson.